

Nd.

286. Frumvarp til laga

um bæjargjöld á Ísafirði o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Fé það, sem þarf til að standa straum af útgjöldum Ísafjarðarkaupstaðar, skal, að því leyti, sem aðrar tekjur hrökkva ekki til, fengið með því:

1. að leggja gjald á allar fasteignir í lögsagnarumdæminu, hús, bryggjur, uppfyllingar, lóðir, byggðar og óbyggðar o. s. frv., að undanskildum fasteignum rikissjóðs og bæjarsjóðs, kirkjum, sjúkrahúsum, skólahúsum, bókasafns-húsum og öðrum menningar- og líknarstofnunum.
2. að bærinn taki einkarétt til upp- og framskipunar á vörum úr skipum, er við bryggjur bæjarins leggjast.

2. gr.

Fasteignagjaldið skal vera:

- a. Af húsum og bryggjum 0.4%—1%.
- b. Af lóðum og öðrum fasteignum 0.1%—1%.

Gjaldið skal miða við fasteignamat, og skal það vera mismunandi, eftir því til hvers eignirnar eru notaðar, og af húsum enn fremur mismunandi eftir verðmæti þeirra, miðað við fasteignamatsverð og íbúafjölda, allt eftir nánari fyrir-mælum í reglugerð.

3. gr.

Gjalddagi á gjöldum samkv. 1. gr. tölul. 1 og 2. gr. er 1. febrúar ár hvert, og hvíla gjöldin sem lögveð á fasteign þeirri, sem þau eru lögð á, og skulu ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum kröfum á eigninni.

Brenni hús eða skattskyldt mannvirki eyðileggist, hafa þessi gjöld forgangs-rétt í bruna- eða skaðabótum.

4. gr.

Séu gjöld þessi ekki greidd áður en tveir mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal gjaldandi --- þinglesinn eigandi eignarinnar --- greiða bæjarsjóði dráttarvexti, er nemi einum af hundraði fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, er liður frá gjalddaga, unz gjaldið er að fullu greitt.

5. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðar setur með reglugerð, er atvinnumálaráðherra staðfestir, nánari fyriræli um gjöld þessi, eftir því sem þurfa þykir, svo og um upp- og framskipun samkv. 1. gr. tölul. 2. Í reglugerð um hið síðarnefnda skal setja taksta um hámark upp- og framskipunargjalda, og skal miða hann við meðaltal þessara gjalda fyrir 3 síðustu árin, áður en lög þessi gengu í gildi, nema um verulega kaupgjaldsbreytingu sé að ræða.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar, og er þá jafnframt úr gildi numin 18. gr. laga um bæjarstjórn á Ísafrði.

Bráðabirgðaákvæði.

Fasteignagjald samkv. lögum þessum greiðist hið fyrsta sinn árið 1935, og er gjalddagi þess ákveðinn hinn 1. júlí það ár.